

REGLUR UM SÍMENNTUN STARFSMANNA AKUREYRARBÆJAR

Reglur um símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar

1. Símenntun starfsmanna er réttur og skylda starfsmanna og Akureyrarbæjar samkvæmt starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar og kjarasamningum. Akureyrarbæ er skylt að gefa starfsmönnum tækifæri til símenntunar. Starfsmönnum er skylt að taka þátt í þeirri símenntun sem símenntunaráætlanir þeirra gera ráð fyrir.

2. Yfirmaður skal gera símenntunaráætlun fyrir vinnustaðinn og hvern starfsmann sinn fyrir hvert ár eða árabíl. Símenntunaráætlun skal unnin í samvinnu yfirmanns og starfsmanns, rædd í starfsmannasamtali og endurskoðuð í framhaldi af því. Símenntunaráætlanir skulu síðan endurskoðaðar eftir þörfum. Símenntun getur falist í:

- námi sem skipulagt er fyrir starfsfólk stofnunar,
- þátttöku í námi á vegum annarra,
- bóklestri eða gagnaöflun á netinu,
- fræðslu fyrir samstarfsmenn,
- heimsóknnum á aðra vinnustaði,
- þátttöku í ráðstefnum og fundum eða
- öðrum aðferðum sem henta einstökum starfsmönnum.

3. Símenntunaráætlun vinnustaðar skal miðuð við að allir starfsmenn taki þátt og njóti símenntunar. Kröfur og framboð geta verið ólík eftir þörfum hvers vinnustaðar og ákvæða í lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

4. Veita má launað leyfi frá störfum vegna símenntunar ef símenntunaráætlun hefur verið gerð bæði fyrir vinnustaðinn og starfsmanninn og fyrirhugað nám er í samræmi við fyrirliggjandi símenntunaráætlanir. Um leyfi frá störfum og launagreiðslur vegna símenntunar skulu gilda sömu reglur á öllum vinnustöðum Akureyrarbæjar:

a Yfirmaður getur ákveðið að greiða kostnað vegna stuttra námskeiða sem falla að símenntunaráætlun starfsmannsins og jafnframt veitt starfsmanninum leyfi til að sækja námskeiðið í vinnutíma sé það haldið á reglulegum vinnutíma starfsmannsins. Sé námskeiðið haldið utan venjulegs vinnutíma starfsmannsins eru ekki greidd laun á þeim tíma nema námskeiðið sé sótt að ósk yfirmanns.

b Veita má vinnuafslátt sem nemur allt að 20% stöðugildis í 2 ár vegna náms við viðurkennda framhaldsskóla eða háskóla ef yfirmaður óskar eftir að námið sé stundað, t.d. vegna þess að skortur er á starfsfólki með viðkomandi menntun. Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa unnið hjá Akureyrarbæ í sambærilegu starfi a.m.k. 3 ár áður en slíkt leyfi kemur til álita.

c Yfirmanni er heimilt að veita stjórnanda, sem gegnt hefur stjórnunarstarfi hjá bænum a.m.k. 3 ár, allt að 20% vinnuafslátt í 1 skólaár (2 annir) að hámarki enda er námið að lágmarki 3 einingar. Stjórnandinn þarf að vera í 100% starfi svo að vinnuafsláttur komi til álita.

5. Starfsmannþjónustan hefur yfirumsjón með símenntun starfsmanna. Hlutverk hennar er:

- að samræma símenntunarkröfur milli stofnana
- að líta eftir því að upplýsingar um nám starfsmanna séu skráðar skipulega
- að stuðla að sem bestri nýtingu á námskeiðum sem haldin eru, t.d. þannig að almenn námskeið sem haldin eru af einni stofnun nýtist starfsmönnum annarra stofnana.
- að tryggja að upplýsingar um þátttöku í símenntun séu ávallt aðgengilegar.

6. Sinni starfsmaður ekki símenntun samkvæmt símenntunaráætlun, kemur til launalækkunar samkvæmt kjarasamningi viðkomandi.

Greinargerð:

1. Í starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar segir svo um starfsþróun:

Bæjarstjórn Akureyrar vill:

1. að starfsfólk og vinnustaðir geti þróast í sameiningu til hagsbóta fyrir bæjarfélagið. Unnið verði markvisst að þróun verkfærni og verkefna hvers starfsmanns um leið og unnið er að því að auka hæfni vinnustaðarins til að takast á við síbreytileg viðfangsefni.
2. að á vinnustöðum Akureyrarbæjar eigi starfsfólk möguleika á starfsframa í samræmi við metnað og kunnáttu. Þannig á starfsfólk að geta þróast í starfi til að geta tekið við nýjum hlutverkum á vinnustað sínum eða öðrum vinnustöðum. Starfsmenn skulu hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða bæjarins.

2. Í samstarfssamningi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Akureyrar árin 2006 – 2010:

„Góðir starfsmenn eru auður bæjarins og ánægja þeirra með starfsaðstæður sínar er forsenda góðrar þjónustu. Lögð verður aukin áhersla á starfsmannamál með það fyrir augum að bæta starfsaðstæður og auka starfsánægju og hæfni starfsfólks“.

3. Akureyrarbær er mjög stór vinnustaður þar sem rík áhersla er lögð á jafnréttissjónarmið og hlutlægar ákvarðanir um kjaramál starfsfólks. Reglum um símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar er ætlað að samræma kröfur og aðgerðir í símenntunarmálum og stuðla að því að markmiðum um hæft og ánægt starfsfólk verði náð.

4. Það hefur færst í aukana að starfsmenn Akureyrarbæjar stundi nám samhliða starfi sínu hjá Akureyrarbæ. Fyrirkomulag launagreiðslna hefur verið með ýmsum hætti. Sumir hafa fengið full laun og samið um þeir skili fullri vinnu þrátt fyrir fjarvistir. Aðrir hafa fengið hlutalaun og enn aðrir hafa fengið frí á launum. Framboð á framhaldsmenntun hefur aukist verulega undanfarin ár og má búast við að eftirspurn starfsmanna eftir viðbótarmenntun aukist sem er í fullu samræmi við starfsmannastefnu og vilja bæjarstjórnarmeirihlutans. Hins vegar þarf að vera samræmi hjá Akureyrarbæ í því hvernig brugðist er við þessum óskum svo að starfsmönnum sé ekki mismunað hvað þetta varðar.

Í öllum helstu kjarasamningum sem bærinn er aðili að er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og að sveitarfélagið geri kröfu til starfsmanna um ákveðna símenntun og samþykki námskeið o.fl. sem lið í símenntun. Telja má eðlilegt að starfsfólk sé á launum við símenntun þegar sveitarfélagið gerir kröfu um þátttöku þess. Hins vegar geta laun í námsleyfi verið samningsatriði hverju sinni þegar óskín er komin frá starfsmanninum sjálfum en í því tilvikum er eðlilegt að miða við símenntunaráætlanir fyrir vinnustaði og starfsfólk sem Reglur um símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar kveða á um.

Samþykkt í stjórnslunefnd 9. maí 2007